



Lindaskóli
Sjálfsmatsskýrsla
2014-2015



Sjálfsmatsteymi Lindaskóla

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Sjálfsmatsteymi	5
3. Aðferðir og framkvæmd sjálfsmats Lindaskóla.....	6
4. Skólapúlsinn.....	7
4.1 Nemendakönnun.....	8
4.2 Foreldrakönnun	9
4.3 Starfsmannakönnun	11
5. Umbótaáætlun	13
5.1 Nám og kennsla	13
5.2 Einelti	15
5.3 Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika	16
5.4 Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda.....	17
5.5 Heimanám og heimastuðningur.....	18
5.6 Símenntun.....	18
5.7 Starfsmannasamtöl.....	19
5.8 Mötuneyti.....	20
5.9 Dægradvöl.....	20
6. Lokaorð.....	22
Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2014-2015. Helstu niðurstöður	23
Fylgiskjal 2. Foreldrakönnun 2014-2015. Helstu niðurstöður.....	25
Fylgiskjal 3. Starfsmannakönnun 2013-2014. Helstu niðurstöður	29
Fylgiskjal 4. Umbótaáætlun Lindaskóla skólaárið 2015-2016	34

1. Inngangur

Lindaskóli tók til starfa 1. september 1997 og var skólaárið 2014-2015 því 18. starfsár skólans. Lindaskóli stendur við Núpaland og er staðsettur í miðju skólahverfinu. Hann er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. - 10. bekk. Vorið 2015 voru tæplega 500 nemendur í skólanum og 70 starfsmenn. Nánari upplýsingar um skólann er að finna í *Sjálfsmatsáætlun Lindaskóla 2015-2018* og á heimasíðu skólans.

Í þessari sjálfsmatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeirri sjálfsmatsvinnu sem fram fór í Lindaskóla á skólaárinu 2014-2015.

2. Sjálfsmatsteymi

Sjálfsmatsteymi Lindaskóla er skipað fimm starfsmönnum skólans.

Skólaárið 2014-2015 voru eftirfarandi starfsmenn í teyminu:

Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri

Ragnheiður Líney Pálsdóttir, kennari í upplýsingatækni

Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari

Sigrún Aðalheiður Gunnarsdóttir, stuðningsfulltrúi og kennari

Þórhalla Gunnarsdóttir, námsráðgjafi

Sjálfsmatsteymið hélt 15 fundi á skólaárinu. Helstu verkefni teymisins voru gerð sjálfsmatsáætlunar fyrir tímabilið 2015-2018, fyrirlögn kannana Skólapúlsins skólaárið 2014-2015 og vinna við umbótaáætlun skólaárið 2015-2016 út frá niðurstöðum Skólapúlsins. Við gerð umbótaáætlunarinnar var notast við niðurstöður starfsmannakönnunar 2013-2014, nemendakönnunar 2014-2015 og foreldrakönnunar 2014-2015.

Teymið var með marga sameiginlega vinnufundi þetta skólaár en skipti jafnframt með sér ákveðnum verkum. Hilmar var teymisstjóri og sá um ritstjórn sjálfsmatsáætlunar. Ragnheiður Líney sá um fyrirlagnir Skólapúlsins, Sigrún Aðalheiður sá um ritstjórn

sjálfsmatsskýrslu 2014-2015 ásamt Hilmari, Þórhalla sá um að halda utan um tengslakannanir og mat á líðan nemenda og Sigríður Dóra sá um prófarkalestur.

3. Aðferðir og framkvæmd sjálfsmats Lindaskóla

Lindaskóli styðst við ýmis matstæki til að meta innra starf skólans. Fyrst má nefna Skólapúlsinn sem er veflægt sjálfsmatskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn svara spurningalista á netinu um flest alla þætti skólastarfsins. Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda í námi er stuðst við fjölbreytt námsmat sem fer fram allt skólaárið, svokallað símat. Auk þess eru sérstakir námsmatsdagar á skólaárinu í febrúar og maí. Ýmsar skimanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur, s.s. í lestri og stafsetningu og sérstakar kannanir eru lagðar fyrir nemendur um líðan og samskipti. Auk þessa eru ýmsir utanaðkomandi aðilar sem meta skólastarf, eins og Námsmatsstofnun með samræmdum könnunarprófum, OECD sem leggur fram Pisa könnunina og Rannsóknarmiðstöðin Rannsókn og greining sem sérhæfir sig í rannsóknum á högum og líðan ungs fólks bæði á Íslandi og erlendis.

Sjálfsmat Lindaskóla byggir að mestu á Skólapúlsinum. Þar eru spurningar lagðar fyrir nemendur í 6. – 10. bekk, foreldra og starfsmenn. Í Lindaskóla er nemendakönnun lögð fyrir á hverju skólaári þar sem allir nemendur í 6. – 10. bekk svara spurningum einu sinni yfir skólaárið. Foreldrakönnun og starfsmannakönnun er lögð fyrir annað hvert ár. Á þessu skólaári var gerð könnun meðal nemenda og foreldra.

Þegar niðurstöður úr nemenda- og foreldrakönnunum Skólapúlsins lágu fyrir komu í ljós mjög margir sterkir þættir í skólastarfinu en einnig þættir sem þarf að styrkja. Sjálfsmatsteymið ákvað hvaða þætti skyldi taka fyrir í umbótaáætlun og setti sér þá meginreglu að ef niðurstöður skólans í ákveðnum þáttum væru undir landsmeðaltali skyldi taka þá fyrir í umbótaáætlun. Í mikilvægum þáttum sem tengdust velferð nemenda og starfsfólks eins og einelti eða áreitni voru viðmiðin hærri og skoðuð sérstaklega í hverju tilfelli fyrir sig.

Áfram var unnið að umbótaáætlun á starfsmannafundi í maí 2015 með öllum starfsmönnum skólans. Þar var starfsmönnum skipt upp í vinnuhópa og fengu þeir ákveðna þætti til umfjöllunar og settu fram hugmyndir um hvernig hægt væri að bæta þessa þætti. Eftirfarandi þættir voru teknir fyrir: nám og kennsla, einelti, stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika, stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda, heimanám og heimastuðningur, símenntun, starfsmannasamtöl, mótuneyti og dægradvöl. Sjálfsmatsteymi skólans tók síðan þessar hugmyndir starfsmanna saman, vann úr þeim og setti inn í umbótaáætlun skólans. Með þessu vinnufyrirkomulagi eiga allir starfsmenn hlutdeild í umbótaáætluninni enda eru það þeir sem þurfa að fylgja henni eftir. Stefnt er að því að hafa slíkan fund árlega.

Vinna sjálfsmatsteymisins er kynnt reglulega í skólaráði þar sem fulltrúar foreldra, nemenda, starfsmanna og grenndarsamfélagsins sitja ásamt skólastjóra. Skólaráði gefst þar með tækifæri á að koma með athugasemdir eða ábendingar til sjálfsmatsteymisins.

4. Skólapúlsinn

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr sjálfsmati Lindaskóla skólaárið 2014-2015 sem fram fór í gegnum Skólapúlsinn. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur (Fylgiskjal 1, bls. 23) og foreldra (Fylgiskjal 2, bls. 25). Einnig eru teknar fyrir helstu niðurstöður starfsmannakönnunar 2013-2014 (Fylgiskjal 3, bls. 29). Heildarniðurstöður úr spurningakönnunum Skólapúlsins eru á heimasíðu skólans.

Skólapúlsinn birtir niðurstöður á mælikvarða sem tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni í skólanum. Normaldreifðar niðurstöður eru byggðar upp með því að laga dreifingu stiga að normaldreifingu. Kostir þess eru stöðugleiki og einfaldleiki og túlkunin byggir á traustum grunni. Meðaltöl og staðalfrávik (meðaltalsfrávik frá meðaltali) verða þannig alltaf þau sömu á landsvísu.

Normaldreifing gerir samanburð á milli tiltekins skóla og landsins mögulegan og gefur samanburðinum merkingu.

Til að niðurstaðan í einstökum þáttum teljist tölfraðilega marktækt frábrugðinn svörum viðmiðunarhópsins þarf hann að vera upp á 0,5 stig. Munur uppá 0,5 stig telst þó ekki mikill munur, en munur upp á 1,0 stig telst töluverður og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur.

Nú verður fjallað um þær niðurstöður sem sýna styrkleika og veikleika skólans. Sérstaklega verður sagt frá þeim niðurstöðum þar sem Lindaskóli er marktækt frábrugðinn viðmiðunarhópnum.

4.1 Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir úrtak nemenda í 6. – 10. bekk mánaðarlega frá október fram í apríl. Það er ánægjulegt að segja frá því að niðurstöðurnar komu mjög vel út. Í öllum þáttum náðum við þeim viðmiðum sem við settum okkur, þ.e. að vera jafnir landsmeðaltali eða yfir. Könnuninni er skipt upp í þrjá hluta og verður hér gerð grein fyrir þeim.

1. Virkni nemenda í skólanum

Hér var niðurstaða skólans sérstaklega góð. Ánægja af lestri 5,4 (landsmeðaltal 5,1), þrautseigja í námi 6,2 (landsmeðaltal 5,6), áhugi á stærðfræði 6,3 (landsmeðaltal 5,5), ánægja af náttúrufræði 6,0 (landsmeðaltal 4,9), trú á eigin vinnubrögð í námi 5,6 (landsmeðaltal 4,9) og trú á eigin námsgetu 5,3 (landsmeðaltal 4,7). Þess má geta að í náttúrufræði er mismunurinn 1,1 stig samanborið við landsmeðaltal sem er skilgreindur töluverður munur. Frábær árangur það. Á þessum niðurstöðum sést að nemendur Lindaskóla eru mjög virkir í skólastarfinu.

2. Líðan og heilsa

Í þessum hluta var niðurstaðan einnig mjög góð og niðurstaðan alltaf yfir landsmeðaltali. Sjálfsálit 5,5 (landsmeðaltal 5,0), stjórn á eigin lífi 5,5 (landsmeðaltal 4,9), vellíðan 5,2 (landsmeðaltal 4,6) og mataræði 5,2 (landsmeðaltal 5,0). Varðandi einelti mælist það minna í Lindaskóla en að meðaltali á landinu öllu eða 4,7 en

landsmeðaltalið er 5,4. Þó svo að í Lindaskóla sé minna um einelti en að meðaltali á landinu er það aldrei ásættanlegt og því var ákveðið að taka þann þátt inn í umbótaáætlun skólans. Tíðni eineltis í Lindaskóla er 4,9% en landsmeðaltalið er 11,5%. Hér voru nemendur spurðir hversu oft síðastliðna 30 daga þeir hafi verið lagðir í einelti í skólanum. Hér gildir það sama og varðandi fyrri spurninguna að einelti er aldrei liðið og því nauðsynlegt að bregðast við. Í þessum flokki var einnig spurt um hreyfingu. Þar koma nemendur Lindaskóla vel út með 77,5% en landsmeðaltal 69%. Í Lindaskóla er mikill áhugi meðal nemenda skólans á hreyfingu og að stunda íþróttir sem á örugglega sinn þátt í því hvað nemendum virðist líða almennt vel í skólanum.

3. Skóla- og bekkjarandi

Niðurstaðan var einnig góð í þessum hluta. Samsömun við nemendahópinn 5,6 (landsmeðaltal 4,9), samband nemenda við kennara 6,3 (landsmeðaltal 5,6), agi í tímum 5,0 (landsmeðaltal 5,2), virk þátttaka nemenda í tímum 6,5 (landsmeðaltal 5,5) og mikilvægi heimavinnu í náminu 5,8 (landsmeðaltal 5,2). Eins og sést er Lindaskóli yfir landsmeðaltali í öllu nema varðandi aga í tímum en þar erum við í meðaltalinu. Nemendur eru mjög virkir í tímum og eru þar 1,0 stigi yfir landsmeðaltali sem telst töluverður munur. Skóla- og bekkjarandi í Lindaskóla er því að mati nemenda nokkuð góður.

Sterkar hliðar skólastarfsins eru margar þegar niðurstöður nemendakönnunarinnar eru skoðaðar. Helstu veikleikarnir snúa að einelti sem er grafalvarlegt mál og við því verður brugðist.

4.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm hluta og verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem lýsa sterkum og veikum þáttum skólastarfsins að mati foreldra og eru marktækt fyrir ofan eða neðan landsmeðaltal.

1. Nám og kennsla

Þeir þættir sem eru marktækt fyrir ofan landsmeðaltal í þessum hluta eru margir. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum 5,8 (landsmeðaltal 5,2), ánægja

foreldra með stjórnun skólans 98% (landsmeðaltal 91,1%), hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra 89,2% (landsmeðaltal 77,9%), hæfileg áhersla á námsmat með hefðbundnum prófum að mati foreldra 87% (landsmeðaltal 77,2%) og hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra 85% (landsmeðaltal 77,3%). Einn þáttur mælist hér fyrir neðan landsmeðaltal en það er hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra 81% (landsmeðaltal 84,6%).

2. Velferð nemenda

Í þessum hluta er niðurstaðan alltaf fyrir ofan landsmeðaltal sem er mjög jákvætt. Í einum þætti er niðurstaðan sérstaklega góð og jafnframt marktækt hærri en landsmeðaltalið; ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda 95% (landsmeðaltal 89,8%). Í þáttum þar sem foreldrar eru spurðir út í líðan nemenda í skólanum er niðurstaðan mjög góð, í kringum 95% og fyrir ofan landsmeðaltal. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans 80,4% (landsmeðaltal 78,9%) sem er góð niðurstaða.

3. Aðstaða og þjónusta

Í þessum hluta eru spurningar sem snerta ýmsa aðstöðu í skólanum og þjónustu sem skólinn býður upp á. Má þar nefna dægradvöl, sérkennslu og stuðning, einstaklingsáætlanir og mötuneytið.

Hér eru ýmsir þættir sem koma ekki nægilega vel út og fara því inn í umbótaáætlun skólans. Þó er aðeins einn þáttur sem er marktækt lægri en landsmeðaltal en það er ánægja foreldra með tómsundabjónustu/frístundaheimili 4,2 (landsmeðaltal 4,9). Í Lindaskóla heitir þessi þjónusta dægradvöl. Aðrir þættir sem eru undir landsmeðaltali eru: ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu 80% (landsmeðaltal 86,3%), hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun 25,9% (30,1%) og ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti 71,6% (landsmeðaltal 74,1%).

4. Foreldrasamstarf

Enginn þáttur í þessum hluta er marktækt hærri eða lægri en landsmeðaltalið. Sá þáttur sem kemur best út er ánægja með síðasta foreldraviðtal 98,1% (landsmeðaltal 94,4%). Sá þáttur sem kemur verst út er áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur 48,1%

(landsmeðaltal 55,6%) og mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra 80,2% (landsmeðaltal 84,8%).

5. Heimastuðningur

Í þessum hluta er eru þrjú þættir af sex marktækt hærrí eða lægri en landsmeðaltalið. Það sem er hæst yfir landsmeðaltali eru væntingar foreldra um menntunarstig barns síns 93,1% (landsmeðaltal 77,8%) sem er 15,3% hærra en landsmeðaltalið. Hæfileg heimavinna að mati foreldra 76,9% (landsmeðaltal 72,8%) sem er nokkuð gott. Tveir þættir eru talsvert lægri en landsmeðaltalið en það er tími sem foreldrar aðstoða við heimanám 41,9% (landsmeðaltal 52,4%) og virkni foreldra í námi barna sinna 4,4 (landsmeðaltal 4,9).

Þegar niðurstöður úr foreldrakönnuninni eru skoðaðar kemur í ljós að foreldrar virðast nokkuð ánægðir með skólastarfið í Lindaskóla.

4.3 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnunin var lögð fyrir í mars 2014. Henni er skipt upp í sjö hluta og verður hér gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins að mati starfsmanna.

1. Allir starfsmenn – Almennt

Í þessum hluta eru almennar upplýsingar sem snerta starfsmenn, s.s. varðandi menntun, aldur, starfshlutfall, yfirvinnu, fjarveru, starfsmannasamtöl, áreitni og einelti. Það sem kemur best út er hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna 84,2% (landsmeðaltal 73,6%), fjarvera heila daga undanfarinn mánuð 1,3 dagar (landsmeðaltal 1,8 dagar) og tíðni eineltis meðal starfsfólks 0% (landsmeðaltal 5,3%). Þættir sem koma verst út og eru marktækt undir landsmeðaltali eru starfsmannaviðtöl undanfarið ár 53,7% (landsmeðaltal 66,4%) og gagnsemi starfsmannaviðtals 76,9% (landsmeðaltal 85,4%).

2. Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans

Hér er niðurstaðan mjög góð og í öllum tilfellum fyrir ofan landsmeðaltal. Fjórir af fimm þáttum eru markvert hærrí. Starfsánægja í skólanum 5,5 (landsmeðaltal 4,9), stjórnun skólans 5,5 (landsmeðaltal 4,8), starfsandi innan skólans 6,2 (landsmeðaltal 4,7) og upplýsingastreymi innan skólans 5,9 (landsmeðaltal 4,9). Munurinn á tveimur síðast nefndu þáttunum samanborið við landsmeðaltal er annars vegar 1,4 og hins vegar 1,0 sem telst töluverður munur.

3. Kennarar – Almennar upplýsingar um kennara

Hér eru ýmsar almennar upplýsingar um kennara, s.s. er varðar fjölda kennslustunda, starfsaldur kennara og starfsaldur við skólann og menntun.

Það sem kemur best út er hlutfall kennara með meistaragráðu 28,1% (landsmeðaltal 14,1%).

4. Kennarar – Kennarastarfið

Hér koma fram 13 þættir er varða kennarastarfið. Þeir þættir sem eru marktækt yfir landsmeðaltali eru ánægja með kennarastarfið 5,2 (landsmeðaltal 4,9) og trú kennara skólans á eigin getu 5,7 (landsmeðaltal 4,8). Þetta eru mjög veigamiklir styrkleikar hjá kennurum skólans. Nokkrir þættir eru undir landsmeðaltali en telst þó ekki marktækur munur. Upplýsingamiðlun til foreldra 4,7 (landsmeðaltal 5,2), undirbúningur kennslu í skólanum 55,3% (landsmeðaltal 63,7%) og einstaklingsmiðuð kennsla 43,2% (landsmeðaltal 46%).

5. Kennarar – Starfsumhverfi kennara

Átta þættir eru hér metnir. Af þeim eru fjórir marktækt yfir landsmeðaltali og því styrkleikar fyrir skólann. Samvinna um kennslu 5,8 (landsmeðaltal 5,1), valddreifing um ákvarðanatöku 5,9 (landsmeðaltal 4,8), virk samvinna um skólaþróun og umbætur 5,5 (landsmeðaltal 4,9) og vinnuaðstæður kennara 5,6 (landsmeðaltal 5,0). Valddreifing kemur best út, er 1,1 stigi yfir landsmeðaltali og telst töluverður munur.

Sá þáttur sem þarf umbóta við er stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika 4,2 (landsmeðaltal 4,8).

6. Kennarar - Mat og endurgjöf

Í flestum þáttum er staðan í Lindaskóla sambærileg landsmeðaltali. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara 50% (landsmeðaltal 47,3%) sem er jákvætt og gagnsemi mats og endurgjafar 86,4% (landsmeðaltal 88,9%) sem er rétt fyrir neðan landsmeðaltal.

7. Kennarar – Símenntun kennara

Hér eru tveir þættir sem eru marktækt slakari en landsmeðaltal. Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár 5,4 dagar (landsmeðaltal 11,5 dagar) og hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði 71,1% (landsmeðaltal 60,7%).

5. Umbótaáætlun

Þeir þættir sem ekki komu nægilega vel út samkvæmt viðmiðum Lindaskóla eru settir hér í umbótaáætlun 2015-2016 (Fylgiskjal 4, bls. 34). Unnið verður að umbótum samkvæmt henni það skólaár.

Sjálfsmatsteymi skólans ákvað að flokka niðurstöður Skólapúlsins niður samkvæmt níu viðfangsefnum eða þeimum. Þau eru; *Nám og kennsla, einelti, stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika, stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda, heimanám og heimastuðningur, símenntun, starfsmannasamtöl, mötuneyti og dægradvöl.*

Bókstafirnir í töflunum sem hér á eftir fara og í umbótaáætluninni vísa til þeirra kannana sem við á, þ.e. foreldra, starfsmanna eða nemenda (F = foreldrakönnun 2014-2015, S = starfsmannakönnun 2013-2014 og N = nemendakönnun 2014-2015). Númerin fyrir aftan bókstafina vísa til númer spurninga.

5.1 Nám og kennsla

Markmið Lindaskóla er að veita nemendum nám og kennslu við hæfi. Athygli vekur að samkvæmt foreldrakönnun virðast aðeins 73,9% stúlkna fá verkefni við hæfi að mati

foreldra en landsmeðaltalið er 85%. Þá telja 17% foreldra að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu of létt. Af þessu má sjá mikilvægi þess að námið sé einstaklingsmiðað, fjölbreytt og skapandi og kennsluhættirnar jafnframt fjölbreyttir svo hægt sé að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Tafla 1 - Nám og kennsla

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
<p>Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (F1.4)</p> <p>81% foreldra telja að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu hæfileg (landið 84,6%).</p> <p>87% drengja (landið 84,2%) fá hæfileg verkefni, 73,9% stúlkna (landið 85%) fá hæfileg verkefni.</p> <p>17% foreldra telja að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu of létt eða allt of létt (landið 11,4%).</p>	<p>Einstaklingsmiðað, fjölbreytt og skapandi nám.</p>
<p>Einstaklingsmiðuð kennsla (S4.10)</p> <p>43,2% kennara í Lindaskóla nota alltaf eða næstum alltaf einstaklingsmiðaða kennslu (landið 46%).</p> <p>10,8% kennara nota sjaldan eða aldrei einstaklingsmiðaða kennslu (landið 6,2%).</p>	<p>Að kennsluhættir séu fjölbreyttir og henti ólíkum þörfum nemenda.</p>
<p>Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns (F5.6)</p> <p>93,1% foreldra eiga von á því að þeirra barn ljúki námi á háskólastigi (landið 77,8%), þar af 63,4% framhaldsnámi á háskólastigi (landið 51,2%). Þetta eru mjög miklar kröfur og haldast þær út skólagöngu barnanna (eru þær sömu þegar 8.-10. bekkur er skoðaður).</p> <p>Aðeins eitt foreldri (1%) telur að barn sitt muni ljúka iðnnámi (landið 10%).</p>	<p>Þjóða upp á valgreinar á unglingsstigi sem tengjast iðngreinum, verklegum greinum og listgreinum.</p> <p>Kynningar úr atvinnulífinu - fá foreldra til að kynna starf sitt.</p> <p>Tengja valgreinar við atvinnulífið - heimsóknir á vinnustaði.</p> <p>Nemendur kynna ólík störf fyrir samnemendum sínum.</p>

Foreldrar í Lindaskóla gera miklar kröfur til barna sinna og telja 93,1% foreldra að barn þeirra muni ljúka námi á háskólastigi. Aðeins eitt foreldri (1%) taldi að sitt barn myndi ljúka iðnnámi en landsmeðaltalið er 10%. Við töldum að við þessu yrði að bregðast og þá fyrst og fremst með kynningu á því námi og þeim ólíku störfum sem í boði eru.

5.2 Einelti

Markmið Lindaskóla er að öllum nemendum líði vel í skólanum. Líðan nemenda og félagstengsl eru skoðuð á hverju ári eins og tilgreint er í eineltisáætlun skólans „Saman í sátt“. Ef upp koma alvarlegir samskiptaörðugleikar eða einelti fer eineltisáætlun skólans í gang. Í Lindaskóla er einelti ekki liðið og er lítið mjög alvarlegum augum.

Tafla 2 – Einelti

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
<p>Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (F2.6)</p> <p>12,6% foreldra segja að þeirra barn hafi orðið fyrir einelti í skólanum á þessu skólaári (landið 17,2%). Við komum mun betur út en landið en viljum þó hafa þessa tölu lægri.</p>	<p>Vinna að því að skólasamfélagið hafi sama skilning á hugtakinu einelti. Skilgreiningin sé sýnileg á heimasíðu skólans og kynnt reglulega fyrir nemendum og foreldrum.</p>
<p>Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum og hraða á úrvinnslu (F2.7 og F2.8).</p> <p>66,7% foreldra fannst mjög vel eða frekar vel tekið á eineltinu af hendi skólans (landið 61,8%).</p> <p>65,2% foreldra fannst mjög fljótt eða frekar fljótt brugðist við eineltinu af hálfu skólans (landið 59,2%).</p>	<p>Allir starfsmenn þekki og fylgi eineltisáætlun skólans. Kynning á starfsmannafundi.</p>
<p>Einelti (N2.4)</p> <p>4,9 (landið 5,3).</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt:</p> <p><i>Hve oft gerðist eftirfarandi á síðustu 30 dögum? (1) Ég var skilin(n) útundan, (2) Ég var beitt(ur) ofbeldi, (3) Mér fannst að einhver væri að baktala mig, (4) Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig og (5) Einhver sagði eitthvað særandi við mig.</i></p>	<p>Hafa eineltisáætlunina aðgengilega á heimasíðu skólans.</p>
<p>Tíðni eineltis (N2.5)</p> <p>4,7% nemenda (landið 10,3%) sögðust hafa orðið fyrir einelti í skólanum einu sinni eða oftár á síðustu 30 dögum.</p> <p>0,4% sögðust hafa orðið fyrir einelti 6-7 sinnum eða oftár á síðustu 30 dögum.</p>	<p>Hafa eineltisáætlunina sýnilega, t.d. með jákvæðum skilaboðum á veggjum skólans.</p> <p>Að skólalóðinni sé skipt upp í þrjú svæði sem ákveðnir starfsmenn hafa eftirlit með. Starfsmenn verði í gulum vestum.</p>
	<p>Fræðsla og forvarnir - fyrirbyggjandi aðgerðir, t.d. fræðslufundir fyrir nemendur og foreldra.</p>
	<p>Fræðsla og forvarnir - umræður í kennslustundum og verkefnavinna.</p>

Því miður er erfitt að koma í veg fyrir að einelti og að samskiptaörðugleikar komi upp í skólum en þegar slík mál koma upp skiptir samvinna heimilis og skóla við að finna lausnir mestu máli. Þá er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar frá skólanum um hvernig skólinn ætli að taka á málinu.

Í samskiptamálum er unnið samkvæmt áætlun skólans, Saman í sátt. Ef upplýsingaflæði frá skólanum til heimila varðandi einstök mál er ekki nógu mikið geta foreldrar upplifað að skólinn sé ekkert að gera. Því er mikilvægt að upplýsa foreldra reglulega um stöðu mála. Stundum greinir foreldrum og skóla á um hvort um einelti eða samskiptamál sé að ræða en aðalmálið er alltaf að vinna með líðan viðkomandi nemanda og hegðun annarra nemenda.

5.3 Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika

Lindaskóli hefur yfir ákveðnum sérkennslukvóta að ráða. Sérkennarar starfa við skólann og sinna sérkennslunni en auk þess eru ýmsir kennarar sem kenna nokkra tíma. Auk þessa eru stuðningsfulltrúar sem aðstoða inni í bekkjum.

Tafla 3 - Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
<p>Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika (S5.1) 4,2 (4,8 landið)</p> <p>Spurningar sem mynda matspátt: Eru eftirfarandi úrræði tiltæk fyrir þig við vinnu með nemendum sem eiga í erfiðleikum með nám? <i>Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustofunni.</i> Alltaf 2,8% (landið 11,5%) eða oft 8,3% (landið 25,5%). <i>Ég hef aðgang að öðrum kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar.</i> Alltaf 2,9% (landið 9,1%) eða oft 11,4% (landið 24,5%). <i>Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga (t.d. sérkennara eða talkennara) sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum.</i> Alltaf 27,8% (landið 19,1%) eða oft 27,8% (landið 30,6%).</p>	<p>Stjórnendur Lindaskóla fari yfir stöðuna í tengslum við sérkennslukvóta skólans og þann fjölda stuðningsfulltrúa sem skólinn hefur til ráðstöfunar. Finna þarf svör við þessari niðurstöðu.</p> <p>Kennarar leiti til stjórnenda ef þeir telja að þeir þurfi meiri stuðning.</p>

Erfitt er að átta sig á því af hverju aðgangur að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með nemendum innan eða utan kennslustofunnar er minni í Lindaskóla en landsmeðaltalið segir til um. Ein skýring sjálfsmatsteymisins er að þörfin í Lindaskóla á stuðningskennslu sé minni en í mörgum öðrum skólum. Hins vegar er aðgangur að ráðgjöf sérfræðinga meiri en víða annars staðar.

5.4 Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda

Á starfsmannafundi í maí 2015 lögðu starfsmenn mikla áherslu á að auka þyrfti stuðning vegna nemenda sem eiga við hegðunarörðugleika að stríða. Ákveðið var að útbúa og koma á vinnuferli um hvernig skuli bregðast við þegar nemendur missa stjórn á skapi sínu.

Tafla 4 - Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
<p>Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda (S5.2)</p> <p>4,6 (5,0 landið)</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt:</p> <p>Eru eftirfarandi úrræði tiltæk fyrir þig við hegðunarörðugleika hjá nemendum?</p> <p><i>Ég hef aðgang að kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum í kennslustofunni.</i></p> <p>Alltaf 5,9% (landið 10,5%) eða oft 8,8% (landið 23,4%).</p> <p><i>Ég hef aðgang að öðrum kennara eða öðru starfsfólki til að vinna með þeim nemendum utan kennslustofunnar.</i></p> <p>Alltaf 3,0% (landið 9,0%) eða oft 15,2% (landið 23,3%).</p> <p><i>Ég hef aðgang að ráðgjöf sérfræðinga sem geta leiðbeint mér í vinnu minni með þeim nemendum.</i></p> <p>Alltaf 20,6% (landið 12,0%) eða oft 23,5% (landið 28,4%).</p>	<p>Útbúa og koma á vinnuferli um hvernig skuli bregðast við þegar nemendur missa stjórn á skapi sínu.</p> <p>Hvaða úrræði hefur kennarinn?</p>
	<p>Skólinn bjóði einhverjum kennurum á hverju ári á ART-réttindanámskeið. Þjálfun í félagsfærni, sjálfstjórnun og siðferðisþroska með það að markmiði að bæta samskipti.</p>

Í Lindaskóla hafa nokkrir nemendahópar fengið ART þjálfun sem stendur fyrir Aggression Replacement Training. Í ART eru börn þjálfuð í félagsfærni, sjálfstjórnun og siðferðisþroska með það að markmiði að bæta samskipti. Átta kennarar skólans hafa farið í gegnum ART-réttindanámskeið sem veitir þeim réttindi til að þjálf

nemendahópa samkvæmt þessari aðferðarfræði. Skólinn stefnir á að bjóða einhverjum kennurum á réttindanámskeið á hverju ári.

5.5 Heimanám og heimastuðningur

Miklu máli skiptir að foreldrar taki virkan þátt í námi barna sinna. Foreldrar í Lindaskóla virðast aðstoða börn sín minna við heimanám en landsmeðaltalið sýnir og er munurinn sérstaklega mikill í 5. - 10. bekk.

Tafla 5 - Heimanám og heimastuðningur

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
<p>Virgni foreldra í námi barna sinna (F5.1) 4,4 (landið 4,9)</p>	Benda foreldrum á ábyrgð þeirra á námi barna sinna.
<p>Tími sem foreldrar aðstoðavið heimanám (F5.5) 41,9% foreldra aðstoða barnið við heimanám í meira en 15 mín. á dag að meðaltali (landið 52,4%). Mikill munur er á Lindaskóla og landinu hvað varðar aðstoð foreldra við börn í 5.-10. bekk. 28,1% foreldra barna í 5.-7. bekk aðstoða börn sín í meira en 15 mín. á dag að meðaltali (landið 49,8%). 14,7% foreldra barna í 8.-10. bekk aðstoða börn sín í meira en 15 mín. á dag að meðaltali (landið 28,3%).</p>	Endurskoða skráningu við heimalestur.
	Ítreka mikilvægi þess að foreldrar beri ábyrgð á og styðji við heimanám barna sinna.

Ekki er þó hægt að segja almennilega til um hvaða ástæður liggja að baki þessum mun, en kennarar og skólastjórnendur munu halda áfram að ítreka ábyrgð foreldra á námi barna sinna sem og mikilvægi þess að foreldrar styðji við nám þeirra.

5.6 Símenntun

Mikilvægt er að kennarar viðhaldi fagþekkingu sinni og 71,1% kennara hefðu viljað taka meiri þátt í símenntun á síðustu 12 mánuðum. Við teljum að jafningjafræðsla nýtist vel í þeim efnum, að kennarar deili hugmyndum, verkefnum, leiðum og kennsluáferðum með samstarfsfólki sínu. Slíkar kynningar eru ekki einungis

mikilvægar fyrir þá sem á hlusta heldur gefa þær fyrirlesaranum einnig byr undir báða vængi og hann fær klapp á bakið fyrir það sem vel er gert.

Tafla 6 - Símenntun

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
<p>Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár (S7.1) Meðalfjöldi daga sem kennarar í Lindaskóla sóttu símenntun síðastliðna 12 mánuði er 5,4 dagar (landið 11,5 dagar)</p>	<p>Útbúa starfspróunaráætlun fyrir kennara Lindaskóla og staðlað skráningarform fyrir starfspróun þeirra.</p>
<p>Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mán. (S7.5) 71,1% kennara hefðu viljað taka þátt í meiri símenntun á síðustu 12 mánuðum en þeir gerðu (landið 60,7%)</p>	<p>Hvetja kennara til símenntunar.</p>
	<p>Deila hugmyndum, verkefnum, leiðum og kennsluaðferðum innan skólans-jafningjafræðsla.</p>

Til stendur að útbúa starfspróunaráætlun fyrir kennara Lindaskóla sem og staðlað skráningarform fyrir starfspróun þeirra.

5.7 Starfsmannasamtöl

Árlega fara starfsmenn Lindaskóla í starfsmannasamtöl til yfirmanna sinna. Samtölin hafa farið fram í mars – apríl. Þar er til umræðu starfið það skólaár ásamt því að horfa fram á veginn til komandi skólaárs.

Tafla 7 - Starfsmannasamtöl

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð
<p>Starfsmannasamtöl undanfarið ár (S1.10) 53,7% starfsmanna höfðu farið í starfsmannaviðtal á síðustu 12 mánuðum (landið 66,4%)</p>	<p>Starfsmannasamtöl þurfa stöðugt að vera í þróun og endurskoðun. Þeim var breytt eftir þessa starfsmannakönnun og því verður fróðlegt að sjá hvernig niðurstaða þessarar spurningar verður næst.</p>
<p>Gagnsemi starfsmannasamtala (S1.11) 76,9% starfsmanna fannst síðasta starfsmannasamtal mjög eða frekar gagnlegt (landið 85,4%)</p>	

Eftir að þessi könnun var lögð fyrir í febrúar 2014 voru gerðar breytingar á starfsmannasamtölum í Lindaskóla og því verður áhugavert að sjá niðurstöður úr starfsmannakönnun sem verður lögð fyrir í febrúar 2016.

5.8 Mötuneyti

